

**Nefndasvið Alþingis**  
**Velferðarnefnd**  
**b/t. Heimis Skarphéðinssonar**  
**nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál (735. mál).


*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér margvíslegar breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs.*

Viðskiptaráð fagnar því að brugðist sé við álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) varðandi starfsemi Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og þeirrar ríkisábyrgðar sem sjóðurinn nýtur. Þá er bæði sjálfsgott og eðlilegt að færa ákvæði um hæfisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra ÍLS til samræmis við það sem almennt gildir um stjórnendur fjármálafyrirtækja.

Ráðið tekur þó undir efasemdir Samtaka atvinnulífsins varðandi fýsileika þess að ÍLS sé undir yfirstjórn velferðarráðherra með hliðsjón af áherslum í skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra um framtíðarskipan fjármálakerfisins á bættu heildaryfirsýn yfir fjármálakerfið og samræmda umgjörð um alla fjármálastarfsemi. Eðlilegast væri ef ÍLS myndi heyra undir sama ráðherra og önnur fjármálafyrirtæki. Jafnframt er einnig tekið undir að tilefni sé til að meta, m.a. á grunni umfjöllunar Rannsóknarnefndar Alþingis um ÍLS, hvort og þá að hve miklu leyti heppilegt sé að fasteignalánastarfsemi sé á vegum hins opinbera.

Að auki skýtur skökku við að stjórn og stjórnendur ÍLS skuli ekki þurfa að undirgangast sama hæfismat og stjórnendur annarra fjármálafyrirtækja, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Um það er fjallað í greinargerð frumvarpsins að ofangreint ákvæði hafi verið „aðlagað að Íbúðalánasjóði í ljósi afmarkaðs hlutverks sjóðsins miðað við það sem almennt á við um starfsemi fjármálafyrirtækja.“ Þrátt fyrir að hlutverk ÍLS geti á einhvern hátt talist frábrugðið starfsemi viðskiptabanka þá eru heildarútlán [sjóðsins](#) um 780 ma. kr. í lok árs 2011 og efnahagsreikningurinn í heild um 860 ma. kr. Til samanburðar voru heildarútlán [Íslandsbanka](#) til viðskiptavina á sama tíma 560 ma. og heildarefnahagur 795 ma. kr. Það er því ljóst að þeir fjárhaglegu hagsmunir sem stjórnendur sjóðsins annast dag frá degi eru umtalsverðir, að ónefndum hagsmunum allra skattgreiðenda af því að hæft fólk veljist til starfa fyrir sjóðinn vegna ríkisábyrgðar á skuldbindingum hans.

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands